

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisstofnun  
Hildur Vésteinsdóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. maí 2014  
2014040025/42-0  
KHS, OKN, TB  
jgo/tb

**Ósk um undanþágu til að nálgast hreiður þórshana vegna rannsókna, umsögn**


Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 22. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Yann Kolbeinssonar um undanþágu til að nálgast þórshanahreiður vegna rannsókna. Einnig er sótt um leyfi fyrir nafngreinda aðstoðarmenn.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Yann Kolbeinsson hefur mikla reynslu af fuglarannsóknum, þar á meðal á þórshana, og telur Náttúrufræðistofnun að það beri að veita honum undanþágu til þeirra rannsókna sem hann fer fram á. Stofnunin vill hins vegar ítreka að þórshani er mjög sjaldgæfur og viðkvæmur fugl og að varpstæðir þeirra hafa verið eyðilagðir vegna ágangs. Náttúrufræðistofnun telur því að allar heimsóknir á einstök varpsvæði þórshana séu á ábyrgð nafngreindra einstaklinga sem fengið hafi tilhlýðilegar undanþágur frá Umhverfisstofnun. Í því felst að einungis þeir sem hafi fengið slíka undanþágu megi heimsækja varpstæðina og beri þeir fulla ábyrgð á þeim aðstoðarmönnum sem þeir kunna að hafa not fyrir. Að gefnu tilefni telur Náttúrufræðistofnun að það eigi og verði að taka það sérstaklega fram í leyfisveitingu að óheimilt sé að nýta ferðir að varpstöðum þórshana sem skoðunarferðir fyrir ferðamenn / áhugamenn um fuglaljósmyndun.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

